

Tillaga um að fjölga bílastæðum í Þorpinu Gufunesi.

Flokkur fólksins leggur til að komin verði upp fleiri bílastæðum í Þorpinu í Gufunesi. Það stóð til að fólk lifði bíllausum lífsstíl í Þorpinu en það er með öllu útilokað vegna fjarlægðar frá þjónustu og engar almenningssamgöngur eru á staðnum þrátt fyrir tillögur þar um. Flestir hafa nú þegar neyðst til að kaupa sér bíl en í Þorpinu er skortur á bílastæðum og neyðast bíleigendur til að leggja bíl sínum á svæði sem ekki eru merkt sem bílastæði.

#### Greinargerð

Nýlegar fréttir bárust af því að verið væri að sekta fólk fyrir ólöglega lagningu bíla í Þorpinu. Það er eðli málsins samkvæmt afar ósanngjarn þar sem mikill skortur er á bílastæðum og almenningssamgöngur engar. Byggingarframkvæmdir eru auk þess í gangi á staðnum. Finna þarf svæði í Þorpinu þar sem hægt er að koma fyrir nægum bílastæðum svo fólk þurfi ekki að leggja ólöglega. Ekki er hægt að búa í Þorpinu án þess að eiga bíl eins og sakir standa vegna skorts á almenningssamgöngum auk þess sem talsverð fjarlægð er í alla almenningssamgöngum. Sú eina lausn sem stendur fólki til boða núna er í formi pöntunarþjónustu. Skal farþegi láta vita með minnst hálf tíma fyrirvara fyrir áætlaða brottför og stilla sér upp við merka bíðstöð hjá Gufunesþorpi og bíða þar eftir leigubíl sem kemur þeim á næstu skiptistöð Strætó.

Meirihlutinn samþykkti að hækka fjárheimildir til strætósamgangna um 14,6 milljónir króna til að auka almenningssamgöngur í Gufunesi á fundi sínum þann 7. desember 2022 og er þetta útkoman.

Fulltrúa Flokks fólksins finnast það varla geta verið að þetta fyrirkomulag sé hugsað til framtíðar. Hér kann að vera um millibílsástand að ræða sem er reyndar orðið alltof langt. Varla munu íbúar sætta sig við þetta mikið lengur. Lítið sem ekkert hefur verið gert í þessu máli þrátt fyrir að tæp tvö ár séu liðin frá því að borgin gaf vilyrði fyrir lóðum undir Gufuneshverfið.